

Farinn í golf til Tælands

Finnur Magnússon, verslunararmaður í Pennanum Ey-mundsson er hættur störfum effir hálfá öld á bakvið afgreiðsluborðið

— sjá bls. 16 og 17.



Agnes er Vestfirðingur ársins 2012

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands og fyrrum sóknarprestur í Bolungarvík er Vestfirðingur ársins 2012 að mati lesenda bls.

— sjá bls. 4 og 8.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 10. janúar 2013 · 1. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Gleðilegt ár!



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600



Bátur mánaðarins aðeins

439 kr.



SUBWAY
alltaf ferskt

Opið virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22



Klettakælir fyrir ferskan fisk Nýr og mikilvægur hlekkur í órofinni kælikeðju

Eimskip Flytjandi hefur opnað nýja og öfluga kæliaðstöðu fyrir ferskan fisk að Klettagördum 15. Klettakælir er 450 m² og býður upp á fullkomna og sérhannaða aðstöðu til að meðhöndla ferskan fisk.

EIMSKIP
Flytjandi

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



Ungt fólk vill einbýlishús

„Miðað við aðstæður og þá fækkun sem verið hefur í fjórðungnum á undanförunum árum finnst manni sala á fasteignum skárri en tölur um fólksfækkun gefa til kynna. Kannski er það vísur að því að dæmið sé að snúast við,“ segir Tryggvi Guðmundsson, annar eigenda Fasteignasölu Vestfjarða. Að sögn Tryggva var sala fasteigna á Vestfjörðum svipuð í fyrra og árið 2011, en eftirspurn eftir einbýlishúsum hefur aukist. Vel hefur selst af húsum í Holtahverfi á Ísafirði og

í Bolungarvík.

Aðspurður um verðlag fasteigna segir Tryggvi að stöðnun hafi verið frá hrúni. „Við erum þó að sjá minni verðhækkunir hér heldur en annars staðar. Fasteignaverðið helst lægra, en það hefur alltaf verið lægra á jaðarsvæðum,“ segir Tryggvi og bætir því við að verðsveiflur hafi verið minni eftir hrún á Vestfjörðum heldur en á höfuðborgarsvæðinu, en þar var mikið byggt rétt fyrir hrún. Tryggvi telur að verð fasteigna gæti farið hækkandi á höf-

uðborgarsvæðinu á næstu misserum.

Tryggvi segir það fyrst og fremst yngra fólk sem festi kaup á stærri eignum, eins og einbýlishúsum. „Unga fólk virðist vera að kaupa húsnæði í töluvert meira magni en á undanförunum árum. Vonandi leiðir þetta til aukinnar bjart-sýni hjá ungu fólk og það sjái möguleika í því að setjast að á Vestfjörðum,“ segir Tryggvi, sem hefur selt fasteignir á Vestfjörðum frá árinu 1976.

Jarðhitinn eins og fiskurinn

„Ég hefði haldið að þrjátíu og fjórir kosnir þingmenn jafnaðarmanna hefðu getað gert þetta í upphafi kjörtímabilsins. Þeim hrýs hinsvegar hugur við það eitt að láta höfuðborgarbúa leggja eitthvað til, svo hægt sé að jafna lífskjör íbúanna í landinu,“ segir Kristinn H. Gunnarsson fyrrum alþingismaður, en hann telur ríkisstjórnina hafa áunnið lítið á nú-

verandi kjörtímabili í jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu, og einnig í raforkumálum.

Kristinn segir að jarðhitinn í landinu sé þjóðarauðlind, sem eigi að nýta og dreifa til landsins alls og íbúa þess rétt eins og fiskurinn í sjónum. „Það er eins með jarðhitann eins og fiskinn. Þetta er þjóðareign og ávinninginn á að færa til allra, ekki bara

til þeirra sem við á heitum svæðum. Þeir eiga frekar að borga aðeins meira svo allir geti notið notið þessarar auðlindar,“ segir Kristinn, sem bætir því við að raforkumálin séu einnig í flækju inni á Alþingi.

„Jöfnun raforkuverðs er einnig hlutur sem núverandi ríkisstjórn hafði góð áform um að gera, en hefur ekki gert. Viljinn til að

jafna lífskjör í landinu er orðinn ansi daufur hjá þessum fjórum stjórnsmálaflokkum,“ segir Kristinn, sem telur að raforkukerfið og gagnaflutningakerfið þurfi að styrkja bæði á Vestfjörðum og á Snæfellsnesi og því þurfi að virkja meira á Vestfjörðum, svo heimamenn geti stuðst við eigin framleiðslu.

Kristinn telur ekki rétt að ráðast á Orkubú Vestfjarða þegar raf-

magnsvandræði á Vestfjörðum koma upp. „Það er erfitt að hengja Orkubú Vestfjarða upp á snaga í þessu máli, þar sem ríkið á fyrirtækið og skammtar því skilyrði. Starfsmenn Orkubúsins hafa staðið sig vel og gert vel úr hlutunum,“ segir Kristinn, sem nýlega hefur gengið í stjórnsmálsamtökin Dögun og liggur nú undir feldi um hvort hann hyggi á endurkomu á Alþingi.

fanar@fanar.is

577 2020



Fánasmiðjan ekki bara fánar.

Formleg opnun á Fánasmiðjunni í Norðurtangahúsinu verður 26. jan 13:00-17:00 Allir velkomnir

- Fánar stórir og smáir
- Fánastangir allar stærðir
- Fatamerkingar
- Gluggaskreytingar
- Prentun á striga
- Ljósmyndaprentun
- Bílamerkingar
- Merkingar á könnur
- Gjafavörur

Fánasmiðjan risin upp úr brunarústum

„Fánasmiðjan er búinn að ganga í gegnum algjöra endurnýjun eftir brunatjónið sem fyrirtækið varð fyrir í sumar. Brotist var inn í fyrirtækið og kveikt í með þeim afleiðingum að það skemmdust nær öll tæki, lager og búnaður félagsins. Þó slapp silkiprentvélin sem prentar fyrirtækjafánana. Við náðum að koma henni mjög fljótlega í gang aftur og héldum þannig starfsemi áfram, ásamt því að semja við góðviljaga aðila sem tóku að sér að prenta fána fyrir okkur í erfiðleikum okkar, þannig að við gátum haldið áfram að þjónusta viðskiptavinum okkar,“ segir Örn Smári Gíslason framkvæmdastjóri Fánasmiðjunnar, en hún opnar formlega að nýju á laugardag.

Fljótlega var ákveðið að endurbyggja fyrirtækið þrátt fyrir þá vitneskju brennuvargur gengi laus í bænum. Félagið hefði ekki getað þolað annað tjón af þessu tagi, að sögn Arnar Smára, nóg þurfti að leggja undir til að endurbyggja félagið. Þótt tryggingarnar hafi bætt hluta af tjóninu var ekki bætt rekstrartap sem félagið varð fyrir en vertíðin er á sumrin og kom gerðist þetta því

á versta tíma.

Fánasmiðjan flutti til bráðabirgða á fyrstu hæð hússins, sem slapp við brunatjónið, og hélt þjónustunni áfram eins og hægt var við þessar aðstæður. Á sama tíma var farið í að hreinsa út brunarústirnar og skipuleggja og innrétta hæðina upp á nýtt þar sem hún var eins og foheld eftir að búið var að hreinsa út. Það þurfti að skipta um allar raflagnir byggja upp nýja milliveggi, loftaefni og lagfæra gólf og fleira. Nú voru sett upp fullkomin brun- og þjófavarnarkerfi til að koma í veg fyrir svona skaða aftur.

Fjárfest var í nýjum tækjum og var ákveðið var að kaupa nýjustu og fullkomnustu græjurnar til að auka gæðin og afköstin. Einnig var það hugsað til að auka möguleika í prentun. Fyrir valinu urðu prentarar og skurðarplottarar frá japanska fyrirtækinu Mimaki, en þeir eru einna stærstir á markaðnum núna. Búið er að tilkeyra tækin nokkuð vel og reynast þau vonum framar. Menn horfa björtum augum á framtíðina. Opnunin hefst kl. 13.00 á laugardag og stendur til 17:00, en heitt verður á könnunni.

Álvöru ÚTSALA

**BESTU KAUPIN
FARA FYRST!**

**allt að
70%
afsláttur**



Verkfæri

**15-30%
afsláttur**



Heimilistæki

**20-40%
afsláttur**



Smáraftæki

**20-40%
afsláttur**



Búsáhöld

**30-70%
afsláttur**



Málning

**20%
afsláttur**



LJÓS

**30-50%
afsláttur**



**Blöndunar- og
hreinlætistöki**

**20-25%
afsláttur**



Fatnaður

**30-70%
afsláttur**



Gólfefni

**10-30%
afsláttur**



Jólavörur

**30-70%
afsláttur**



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

*Afsláttur gildir af útsöluvörum.

Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.

Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**



Ljósmynd: Spessi.

Vestfirðingur ársins 2012, Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands ásamt Sunnu Dís Másdóttur blaðamanni sem afhenti Agnesi viðurkenningarnar.

Agnes er Vestfirðingur ársins 2012

Vestfirðingur ársins 2012 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands. Agnes, sem er fædd á Ísafirði, var um árabil sóknarprestur í Bolungarvík eða allt þar til hún tók við embætti biskups Íslands á síðasta ári, fyrst íslenskra kvenna. Agnes fékk 30% greiddra atkvæða en vel á fjórða hundrað atkvæði bærust. Í öðru sæti með 10% greiddra atkvæða varð Finnbogi Örn Rúnarsson, 11 ára drengur sem búsettur er í Bolungarvík. Finnbogi Örn fæddist með Downs heilkenni og hjartagalla. Þegar hann var þriggja mánaða gamall gekkst hann undir hjartaaðgerð í London og í apríl á síðasta ári gekkst hann undir stóra hjartaaðgerð í Lundi í Svíþjóð þar sem hjartaloka var lagfærð og var framtíðin björt. Stóra áfallið kom síðan 1. desember síðastliðinn

þegar Finnbogi Örn fékk heilablóðfall með þeim afleiðingum að hægri hlið líkamans lamaðist auk þess sem hann missti málið. Finnbogi Örn liggur nú á Barnaspítala Hringins. Hann hefur náð ótrúlegum styrk og fengið málið aftur.

Í þriðja sæti var Sigurður Ólafsson á Ísafirði, oftast kallaður Búi með 8% greiddra atkvæða. Sigurður hefur í fjölda ára unnið mikið sjálfbodastarf fyrir Krabbameinsfélagið Sigurvon og hefur verið formaður félagsins um árabil. Í fjórða sæti var Eyþór Jónvinsson, kaupmaður í Vestfirzku verzluninni á Ísafirði með 5% greiddra atkvæða og í fimmta sæti voru Þjórgunarsveitirnar á Vestfirðum með 4% greiddra atkvæða.

Áður hafa fengið nafnbótina Vestfirðingur ársins þau Örn Elías Guðmundsson, Mugison

(2011), Benedikt Sigurðsson (2010), Halldór Gunnar Pálsson (2009), Egill Kristjánsson (2008), Arna Sigríður Albertsdóttir (2007), Sunneva Sigurðardóttir (2006), Sigríður Guðjónsdóttir (2005), Örn Elías Guðmundsson, Mugison (2004), Magnús Guðmundsson (2003), Hlynur Snorrason (2002) og Guðmundur Halldórsson (2001).

Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2012, Gullauga ehf., á Ísafirði, Advania hf., í Reykjavík og fréttavefurinn bb.is óska öllum þeim sem fengu tilnefningu til hamingju og þakka lesendum þátttökuna og óska þeim velfarnaðar á nýbyrjuðu ári. Í tilefni útnefningarinnar var Agnesi fært viðurkenningarskjal til staðfestingar á valinu, farandgrip og eignargrip sem smíðaður er af Dýrfinnu Torfadóttur gullsmíð. Afhendingin fór fram í

Reykjavík á laugardag og kom það í hlut Sunnu Dís Másdóttur blaðamanns að afhenda Vestfirð-

ingi ársins viðurkenningarnar. Sjá viðtal við Vestfirðing ársins á bls. 8. -bb@bb.is

Agnes M. Sigurðardóttir:

„Frábær fyrirmynd fyrir allar konur – Frábær leiðtogi fyrir okkur sem tilheyrum Þjóðkirkjunni – Fyrst íslenskra kvenna til að vera biskup – Glæsilegur fulltrúi Vestfirðinga – Hefur staðið sig vel sem prestur og prófastur á Vestfirðum – Heldur Vestfirðum á lofti – Glæsilegur fulltrúi vestfirskra kvenna – Braut blað í íslenskri kirkjuhefð – Skákaði karlaveldinu innan kirkjunnar – Frábær prestur sem þjónaði Bolvíkingum í 18 ár – Frábær kona sem er gull af manni.“

Finnbogi Örn Rúnarsson:

„Hefur djúp áhrif á alla sem hann hitta – Vitrustu spekingar geta lært margt af Finnboga – Stendur sig eins og hetja í veikindum sínum – Gleðigjafi þrátt fyrir erfið veikindi – Einstaklingur með einstakan húmor sem fær mann alltaf til að brosa – Búinn að upplifa margt þrátt fyrir ungan aldur – Hefur sýnt smitandi gleði og æðruleysi þrátt fyrir erfið veikindi og mótlæti frá fæðingu – Algjör hetja – Sannkallaður gullmoli.“



Eftirtaldir einstaklingar / aðilar fengu atkvæði í valinu á Vestfirðingi ársins 2012: Þorbjörn Steingrímsson, Anna Jakobína Hinriksdóttir, Gísli á Uppsölum, Þjórgunarsveitirnar á Vestfirðum, Stefán Dan Óskarsson, Hörður Guðmundsson, Elías Jónatansson, Halldór Eraclides, Steinunn Jónsdóttir, Lilja Jónsdóttir, Guðni Albert Einarsson, Snorri Már Snorrason, Davíð Rúnar Gunnarsson, Arna Sigríður Albertsdóttir, Jón Guðbjartsson, Sigríður Hafliðadóttir, Guðmundur M. Kristjánsson, Eggert Einer Nielson, Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, Þórður Sævar Jónsson, Lára Thorarensen, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Fanney Inga Halldórsdóttir, Ritstjóri BB og samstarfsfólk, Eiríkur Örn Norðdahl, Reimar Vilmundarson, Eyþór Jónvinsson, Elfar Logi Hannesson, Hallgrímur Sveinsson, Matthías Vilhjálmsson, Magnús Hauksson, Halldór Gunnar Pálsson, Sigurður Ólafsson, Baldur Vilhelmsson, Tryggvi Sigtryggsson, Ingvi Ólafur Ingvason, Kristbjörn Sigurjónsson, Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, Herdís Anna Jónasdóttir, Bræðurnir í Edinborg, Finnbogi Örn Rúnarsson, Guðrún Sigríður Valgeirsdóttir, Agnes M. Sigurðardóttir, Matthías Garðarsson, Gunnlaugur Jónasson, Ingvar Jakobsson, Guðmundur Trygvi Ásbergsson, Stjórn Mýraboltafélags Íslands, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Úlfar Lúðvíksson og fólkíð í Vesturbýggð.

Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2013



Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2013 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar** 2013

▶ Launamiðar og verktakamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

▶ Bifreiðahlunnindamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

▶ Hlutfjármíðar

Skilaskyld eru öll hlutfélög, einkahlutfélög, samlagshlutfélög, samvinnuhlutfélög og sparisjóðir.

▶ Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfa-fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem

annast kaup og sölu, umboðs- viðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf og önnur verðbréf.

▶ Bankainnstæður

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

▶ Lánaupplýsingar

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

▶ Stofnsjóðsmiðar

Skilaskyld eru öll samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

▶ Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

▶ Greiðslumiðar – leiga eða afnot

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

▶ Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

Skilaskyld eru öll hlutfélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

▶ Fjármagnstekjumiði

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila þessum miða og tilgreina þar sundurliðun á móttakendum og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða smærri innheimtu- aðila, t.d. lögfræðistofur. Þessum miða er eingöngu hægt að skila rafrænt.

Vakin er athygli á **nýjum launamiðareit**, nr. 405, þar sem færa skal **íþrótt- og líkamsræktarstyrki**.

Einnig er vakin athygli á **nýjum launamiðareit**, nr. 410, þar sem færa skal **samgöngustyrki**.

Minnt er á að upplýsingum um **húsnæðishlunnindi** skal skila á launmiða. Húsnæðishlunnindi eru allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2011, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi. Sjá nánar í lið 2.8 í skattmáti ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2012.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
 Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Tímamót

Viðburðaríki ári er lokið. Fyrstu dagar nýja ársins benda til að lítið hafi dregið úr sundurlyndisfjandanum, sem tröllriðið hefur samfélaginu um langt skeið og litlar því líkurnar því á að hann lognist út af úr einmanaleik líkt og kýrin hans Gísla sáluga á Uppsölum forðum!

Undir lok ársins vorum við óþyrmilega minnt á hnattstöðu landsins: vetrarríkið í öllu sínu veldi. Þótt sitthvað færi úrskeiðis var ekki hoggið skarð í raðir mannfólks. Það skiptir öllu. Annað fæst betur.

Rafmagnsleysið sem óveðrið olli undirstrikaði hver staða Vestfirðinga er í orkumálum. Örlað hefur á óánægju hvernig til tókst með að koma rafmagni til notenda í óveðurskaflanum. Hér á eflaust við hið fornkvæðna, að hægara er um að tala en í að komast. Ekki skal dregið í efa að allir þeir sem að úrlausnum unnu hafi lagt sig alla fram, og gott betur. Bilanir í varakerfi bættu ekki úr skák. Til frambúðar horft er tvennt sem leggja verður áherslu á: Hverfaskipting svæðisins - við skömmtun raforku - verður að vera íbúnum ljós, sem nokkur er kostur, þannig að orkuskammtanir nýtist til fulls, hverju sinni. Þá þarf stöðugt upplýsingaflæði, um ríkjandi stöðu og horfur, að vera með besta mögulegum hætti. Óvissunni er síst á bætandi. Fyrirhuguð díselrafstöð í Bolungarvík kann að vera þörf viðbót við „varakerfið“, en leysir í engu úr ófremdarástandinu, sem ríkir í rafmangsmálum fjórðungsins, og stendur klárlega í vegi fyrir framvindu í atvinnumálum; kemur í veg fyrir að orkufrek fyrirtæki líti til Vestfjarða, svo sem kunnugt er. Hvað það varðar verður að horfa til langrar framtíðar með virkjunum og flutningslínunum inn á svæðið.

Frá og með árinu 2001 hefur BB átt aðild að vali á Vestfirðingi ársins. Fyrstur hlaut nafnbótina Guðmundur Halldórsson, sjómaður í Bolungarvík. Aðrir, sem fetað hafa slóð aldna sjóarans, hafa komið úr hinum ýmsu stéttum samfélagsins. Að þessu sinni er Vestfirðingur ársins fyrrum sóknarprestur Bolvíkinga, sr. Agnes M Sigurðardóttir, sem rauf múr karlaveldis íslensku þjóðkirkjunnar er hún var kjörin biskup Íslands, fyrst kvenna. Bæjarins besta færir frá Agnesi heilla- og hamingjuóskir af tilefninu og velfarnaðar í biskupsstarfinu. Öðrum, sem tilnefnd voru í kjörinu, eru færðar kveðjur og heillaóskir.

Bæjarins besta er á tímamótum. Það er aftur orðið fríblað. Fyrir þessu er gerð nánari grein í blaðinu. Það er einlæg von útgefenda að hægt verði að ná til fyrrum áskrifenda, utan norðan verðra Vestfjarða, með þeim leiðum sem í boði eru og greint er frá í blaðinu. Tímarnir breytast og mennirnir með. Svo er einnig um flest manna verk. Við það verður að horfast í augu.

s.h.

Spurning vikunnar

Hvernig leggst árið 2013 í þig?

Alls svöruðu 416.
 Vel sögðu 341 eða 82%
 Illa sögðu 75 eða 18%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Þórir Guðmundsson, sonur Guðmundar Þórs Kristjánssonar, afhjúpaði skjöldinn ásamt Jóni Reyni Sigurvinssyni skólameistara Menntaskólans á Ísafirði.

Guðmundarsmiðja opnuð

Mikið var um dýrðir í Menntaskólanum á Ísafirði á föstudag þegar nýsköpunarsmiðjan Fab Lab var formlega opnuð. Smiðjan mun bera nafnið Guðmundarsmiðja, eftir Guðmundi Þór Kristjánssyni vélstjóra og vélstjórnarkennara við Menntaskólann á Ísafirði. Guðmundur var frumkvöðull að stofnun Fab Lab smiðju á Ísafirði, en hann lést árið 2010 langt fyrir aldur fram.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði samkomuna í gegnum samskiptaforritið Skype, og lýsti hún yfir ánægju sinni með stofnun smiðjunnar, sem hún telur vera framtíðina í kennslu- og frumkvöðlastarfi. Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar hélt einnig ræðu og yfir mikilvægi þess að smiðja sem þessi væri komin á laggimar á Ísafirði.

Sigurlaug Kristjánisdóttir stýrði viðburðinum, en hún er verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöðinni á Ísafirði og er einnig fulltrúi í skólaneft Menntaskól-



Fjölmargir gestir voru við opnunina.

ans á Ísafirði. Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari Mí flutti stutt ávarp og afhjúpaði minningarskjöld um Guðmund, sem þrýða mun vegg smiðjunnar. Þórir Guðmundsson, sonur Guðmundar, afhjúpaði skjöldinn ásamt Jóni Reyni en skjöldurinn er gerður úr Plexi-gleri, í Fab Lab smiðjunni.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir er verkefnastjóri smiðjunnar. „Við höfum fengið frábærar viðtökur hingað til en smiðjan hefur

verið opin frá því fyrir jól, þó formleg opnun hafi ekki verið fyrr en í dag,“ segir Albertína, en hún hvetur jafnt reynda sem óreynda að kíkja við í Guðmundarsmiðju og spreyta sig í nýsköpun. „Við hvetjum alla til að koma og prófa og óskum sérstaklega eftir því að fara í samstarf við frumkvöðla.“

Smiðjan verður opin seinni part dags, en opnunartímar verða opinberaðir í þessari viku.

– guðmundur@bb.is

BB orðið fríblað að nýju

Bæjarins besta verður framvegis dreift ókeypis til lesenda á norðanverðum Vestfjörðum. Hringiðan, vikulegt blað sem Gúttó ehf., útgefandi BB, hefur gefið út og dreift ókeypis frá því í byrjun nóvember, hefur verið sameinað Bæjarins besta, en með því ætti líftími blaðsins að lengjast til muna. Ástæða breytinganna er breytt landslag í útgáfu en samkvæmt nýjustu könnunum hefur sala og áskrift dagblaða, tímarita og héraðsfréttablað, minnkað töluvert frá hruninu árið 2008.

Frá stofnun Bæjarins besta, 14. nóvember 1984 og fram til haustsins 1992 var blaðinu dreift ókeypis. Þá var svo komið að auglýsingatekjurnar stóðu ekki

undir rekstrinum. Þá var aðeins og tvennt að ræða, að hætta útgáfu eða selja afurðina. Síðari kosturinn var valinn og er það því lesendum blaðsins að þakka að þrjúgasti árgangurinn fer að líta dagsins ljós.

BB var fyrsta blað landsins sem notendur netsins gátu séð í heild sinni á netinu, þ.e. eins og pappírsgútgáfa leit út. Vefsíða Bæjarins besta, bb.is, hefur frá upphafi verið á meðal mest sóttu vefsíðna landsins, samkvæmt mælingum Modernus. Að jafnaði sækja 14-16 þúsund notendur vefsíðuna í viku hverri. Frá upphafi hafa útgefendur Bæjarins besta og bb.is, fylgst vel með nýjungum í vefmálum og jafnan kappkostað að vera með það

nýjasta hverju sinni. Á þessu ári verður einnig ráðist í umfangsmiklar breytingar á vefsíðu bb.is, neytendum til hagsbóta.

Eins og að framan greinir, hefur Bæjarins besta verið söluþlað frá haustinu 1992 eða í ríflega tvo áratugi. Við þessu tímamót vilja útgefendur þakka áskrifendum fyrir stuðninginn í gegnum árin. Þeir áskrifendur sem búa utan Vestfjarða, geta fengið blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds. Blaðið verður hins vegar ekki sent til áskrifenda utan Vestfjarða í næstu viku fyrr en staðfesting hefur borist. Hægt er að staðfesta áframhaldandi áskrift á netfanginu bb@bb.is. Blaðið verður jafnframt aðgengilegt á pdf-formi á bb.is.



25% afsláttur

verð áður 1.595 kr

1.196 kr/kg

Nautahakk
úr kjötborði eða pakkað ferskt

...sjá uppskrift
"Steinbítur í hnetuhjúpi með rjómalagaðri tómat- og basilikusósu"



30% afsláttur

verð áður 1.098 kr

Okkar steinbítur 800g **769** kr/pk
roð- og beinlaus



29% afsláttur

verð áður 279 kr

198 kr/pk

Kindabjúgu 2 stk 420g
frá Kjötseli

...sjá úrval uppskrifta
Kryddlegir og kryddsmjör á nautakjötið
samkaupurval.is



verð áður 3.998 kr

Úrvals nautafilé **3.398** kr/kg
úr kjötborði eða pakkað ferskt



41% afsláttur

verð áður 419 kr

247 kr/pk

Léttreykt brauðskinka 200g
frá Kjarnafæði



50% afsláttur

verð áður 399 kr

200 kr/stk

Nýbakað á staðnum!
Heilkornabrauð 450g frá Myllunni



35% afsláttur

verð áður 998 kr

Kjúklingaleggir **649** kr/kg
frosnir, frá Ísfugli

„Hugurinn er enn fyrir vestan“

„Mér þykir afskaplega vænt um Vestfirði og Vestfirðinga, enda liggja þar rætur mínar langt aftur í ættir og þar mótaðist ég sem manneskja, í faðmi fallra blárra og svo í Víkinni,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir er Vestfirðingur ársins 2012 að mati lesenda bb.is. 30% greiddra atkvæða féll Agnesi í hlut, en hún hefur verið mikið í umræðunni á árinu eftir að hún var kjörin biskup Íslands, fyrst kvenna. Agnes er borinn og barnfæddur Ísfirðingur, en hún hafði þjónað sem sóknarprestur í Hólsprestakalli í Bolungarvík frá 1994 áður en hún tók við embætti biskups.

Í samtali við blaðamann Bæjarins besta segir Agnes að henni þyki einnig einkar vænt um viðurkenninguna. Að hennar sögn hafa fyrstu mánuðirnir í starfi biskups verið þroskandi, erilsamir og skemmtilegir, allt í senn. „Það er alltaf gaman að takast á við ný verkefni og tökum á þeim,“ segir Agnes, en hún tók við starfi biskups af Karli Sigurbjörnssyni, sem gegnt hafði því embætti frá árinu 1997. Agnes tekur við embætti biskups á tímum mikils niðurskurðar hjá kirkjunni og óhætt er að segja að hún hafi þurft að taka ýmsar erfiðar ákvarðanir það sem af er hennar biskupstíð, þ.m.t. sameiningu prestakalla. Verkefni biskups á nýju ári eru einnig mörg og fjölbreytt.

„Tíminn líður ansi hratt þessa daganna. Verkefni eru mörg og oft ólík, t.d. viðtöl við fólk með ólík erindi, prédikanir í kirkjum, erindi á fundum, ákvarðanatökur sem vinnast þurfa fljót, tölvu-póstar og samskipti við kirkjunnar fólk og fjölmörg,“ segir hún, en stefnumótandi ákvarðanir og lausnir mála eru mikilvægur þáttur í starfi biskups.

En hvernig skyldu vistaskiptin til höfuðborgarinnar hafa farið í nýja biskupinn?

„Ég hef átt lögheimili á Vestfjörðum í um 40 ár ævi minnar. Fyrst bjó ég á Ísafirði í 23 ár og svo í Bolungarvík í 18 ár. Það verður að segjast eins og er að ég finn að lífstakturinn er allt annar í höfuðborginni en fyrir vestan,“ segir Agnes og bætir því við að venjur hins daglega lífs séu öðruvísi fyrir sunnan. „Að sumu leyti er lífið rólegra fyrir vestan og að öðru leyti ekki. Ég fer sjaldan inn á vefsíður eins og vedur.is, belgingur.is eða vegagerdin.is eins og ég gerði svo oft fyrir vestan. En sannast sagna hefur mér þótt erfitt að flytja sjálfa mig suður af heilum huga. Hugur minn er enn fyrir vestan og hugsunarhátturinn í takt við það.“

Agnes telur að sú reynsla sem hún öðlaðist sem prestur í litlu sjávarplássi úti á landi, nýtist henni til góða í starfi hennar sem biskup. „Tvímælalaust. Sú mikla nánd sem skapast á milli prests og safnaðar er bæði lærdómsrík og þroskandi. Að deila kjörum með sóknarbörnum mínum er reynsla sem ég flyt með mér og úfæri á þjóðina alla. Sú reynsla sem ég fékk sem prófastur Vestfirðinga nýtist mér einnig vel í starfi sem biskups,“ segir Agnes.

Agnes ítrekar þakklæti sitt fyrir útnefninguna við Vestfirðinga. „Hin mikla nánd við náttúruna sem við búum við og ölumst upp við fyrir vestan mótur og þroskar. Ég bið þess að Guðs blessun hvíli yfir Vestfirðingum og Vestfjörðum,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands og Vestfirðingur ársins 2012.

Agnes fæddist á Ísafirði 19. október 1954. Faðir hennar var Sigurður Kristjánsson (d. 1980)



Ljósmynd: Spessi.

sóknarprestur á Ísafirði og prófastur Ísafjarðarprófastsdæmis. Móðir Agnesar er Margrét Hagalínisdóttir ljósmóðir. Agnes var gift Hannesi Baldurssyni tónlistarmanni og eiga þau saman þrjú

börn. Agnes lauk kandiðatsprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 1981 og vígðist til prestsþjónustu sama ár. Hún þjónaði sem sóknarprestur í Hvanneyrarprestakalli 1986-1994 en hefur

síðan þjónað í Bolungarvík. Hún varð prófastur Ísafjarðarprófastsdæmis árið 1999 og hefur verið prófastur Vestfjarðarprófastsdæmis frá 2005.

– gudmundur@bb.is



Nýtt kortatímabil í Bónus **FIMMTUDAG 10. JANÚAR**



FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ



FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBAHJÖRTU



FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBALIFUR



NORÐANFISKUR ROÐ OG BEINLAUS ÝSA

SJÓFRYST ÝSUFLÖK 1259 KR.KG



BÓNUS FROSINIR FISKBITAR
Í RASPI 800 GRÖMM



BÓNUS RIFIN PIZZABLANDA
FULLKOMNAR PIZZUGERÐINA
ÞÍNA HEIMA!



EXTRA VIRGIN
ÓLÍFUOLIA 750ml
598 KR.FL



NORÐANFISKUR FROSNAR STEIKTAR FISKBOLLUR



BÓNUS KAFFI

398 KR.
BÓNUS KAFFI 500gr

QNT PRO

PRÓTEINDRYKKUR
SUKKULADI & JARÐARBERJA
50 GRÖMM HREINT PRÓTEIN
Í HVERRI FLÖSKUR



398 KR. FL



Barilla SPAGHETTI 1.KG 259 KR.



BÓNUS SPÆGIPYLSA 359 KR. 153 G



ESSENTIAL EVERYDAY AMERÍSKAR PASTASÓSUR
PASTASÓSUR 680ml **198 KR.**



BÓNUS PEPPERONI 153 g 359 KR. 153 G



BÓNUS REYKT LÜXUSSKINKA 359 KR. 120 G
BÓNUS LÜXUSSKINKA 359 KR. 120 G
Ekkert viðbetta VATN

BÓNUS BRAGÐMINNA PORSKALÝSI



BÓNUS 498 KR.
PORSKALÝSI 500ml

KOLSÝRT VATN



159 KR.
2 LTR.

EINFALT OG GOTT ÓDÝRAR NÚÐLUSÚPUR Á SVIPSTUNDU



YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX

98 KR.

ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI

29 KR.

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS LÝSISPERLUR 300 stk.
598 KR. 300stk

Jólin kvödd í Bolungarvík

Gleðin réði ríkjum á árlegri þrettándagleði Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur sem haldin var á Hreggnasa í Bolungarvík á sunnudagskvöld. Jólin voru þá kvödd með tilheyrandi viðbúnaði, og til voru kallaðar ýmsar furðuskepnur. Álfakonungur og álfadrottning létu sjá sig, ásamt öðrum álfum, prinsum, prinsessum, jólasveinum og foreldrum þeirra og fleiri kynja-verum.

Þrettándagleðin hófst með skruðgöngu frá Grunnskólanum í Bolungarvík, en þaðan var gengið að Skýlinu og lög sungin. Þaðan lá leiðin að hátíðarsvæðinu á Hreggnasa, hvar dansað var og sungið undir harmonikkuleik.

Vegleg flugeldasýning var í lok hátíðarinnar í boði Björgunar-sveitarinnar Ernis í Bolungarvík, og boðið var upp á heitt súkkulaði og veitingar.

– gudmundur@bb.is



Bæjarins besta

Kristinn til liðs við Dögun

Kristinn H. Gunnarsson, fyrrum alþingismaður gekk í stjórnmalasamtökin Dögun um áramótinu. Hann segir málefnaundirbúning kominn töluvert langt á leið og líst vel á það sem komið er. Þá er hann að tala um sjávarútvegs- málin, byggðamálin og breytingar á stjórnskipan landsins.

Efnahagsmálin eru enn í vinnslu. „Það er ófrágengið að ljúka efnahagsmálunum og ég ákvað að ganga þarna inn á þessum tímapunkti til að koma að því að móta það því framboð sem ætlar að ná árangri verður að hafa raunhæfa áætlun í efnahagsmálum,“ segir Kristinn.

Kristinn segist ekki vera búinn að gera það upp við sig hvort hann ætli að bjóða sig fram fyrir Dögun í næstu kosningum. „Það kemur í ljós hvað verður í þeim efnunum.“

Það fer auðvitað eftir því hvernig til tekst með stefnu-

málin. Ég er samt nokkuð bjartsýnn og líst nokkuð vel á það sem komið er en ég bíð eftir endanlegri útkomu í stefnumálum,“ segir Kristinn um hvort hann stefni á framboð fyrir stjórnmalasamtökin. Ef af verður, mun hann bjóða sig fram í 1. sæti í Norðvesturkjördæmi. Ef Kristinn býður sig fram verður þetta í sjöunda sinn sem hann verður í framboði. Hann hefur áður boðið sig fram fyrir Alþýðubandalagið, Framsóknarflokkinn og Frjálslynda flokkinn. „Þetta yrði fjórði flokkurinn. Stundum er það þannig með þessa flokka að þeir eiga það til að skipta um eðli og áherslur. Sami flokkurinn getur verið búinn að ganga í gegnum sjálfan sig tvisvar til þrisvar eins og Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa gert. Síðan er maður sjálfur alltaf með sömu áherslumálin,“ segir Kristinn. Ástæðan fyrir því að Kristinn

er kominn til Dögunar nú er sú sama og fékk hann til að ganga til liðs við Framsóknarflokkinn árið 1998, þ.e. stefnumálin.

„Dögun er eina stjórnmalaaflíð sem hefur sett fram hugmyndir um þessi mál sem mér líst á. Dögun hefur alla burði til að láta að sér kveða sem stjórnmalaafl. Þetta snýst um stefnumálin og ef efnahagsmálin gang vel mun þetta virka. Það er vandfundið stjórnmalaafl sem vill taka á stórum málum eins og sjávarútvegs málum og bera ábyrgð á atvinnu-, byggða- og efnahagsmálum. Byggðamálin eru hornreka í stjórn málum í dag,“ segir Kristinn og sem fyrr eru hans helstu áherslur á byggðamálin og atvinnumálin þar sem sjávarútvegs málum vega lang þyngst að hans sögn og þá sérstaklega sjávarútvegs löggjöfin.

„Við höfum lengi búið við vont kerfi sem hefur dregið próttinn úr áður blómlegum



Kristinn H. Gunnarsson.

byggðum sem geta orðið það aftur ef löggjöfin verður eðlileg. Ég vill sjá það gerast. Það þarf að laga þetta þannig

að staðirnir næst miðunum hagnast á því og blómstri. Það myndu Vestfirðir gera ef löggjöfin væri þannig,“ segir Kristinn og er ekki hrifinn af sjávarútvegsstefnu stjórnarinnar í dag þar sem hún ætlar ekki að breyta kvótaúthlutuninni heldur festa hana í sessi sem yrði dauðadómur fyrir mörg sjávarpláss. Þó finnst honum eðlilegt að innheimta gjald fyrir veiðarnar og útgerðamenn hafi ákveðið veiðigjald fyrir mörgum árum. „Aðferðirnar í að reikna út veiðigjaldið eru samt mjög umdeilanlegar og umdeildar. Átökin í þessu máli eru hörð því þetta eru svo miklir peningar. Venjulegir borgarar geta auðgast mjög mikið ef þeir hafa öðlast kvóta á réttum tíma og geta þá selt hann og sest í helgan stein,“ segir Kristinn H. Gunnarsson. – hordur@bb.is

Forréttindi að búa í Ísafjarðarbæ

„Reksturinn gekk mjög vel og var í raun alger viðsnúningur frá fyrri árum. Framlegðin er um 250 milljónum króna betri en á árinu 2011. Það hefur gert það að verkum að við gátum lækkað gjaldskrár og gefið aðeins í viðgerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013,“ segir Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður um rekstur sveitarfélagsins á nýliðnu ári. Aðspurður um hvað standi upp úr á árinu samfélagslega segir Daníel það vera mannlífið í bænum.

„Við megum hinsvegar skoða það að vera ekki eins dómhörð og neikvæð. Það eru forréttindi að búa í Ísafjarðarbæ og tækifærin eru endalaus. Það þarf bara að nýta þau og takast á við viðfangsefni af opnum huga,“ segir Daníel, sem er einnig ánægður með góðan starfsanda hjá Ísafjarðarbæ. „Stjórnunarlega séð finnst mér jákvæðast hvað starfsfólk bæjarins hefur verið jákvætt og er tilbúið að takast á við það að bæta reksturinn,“ segir Daníel, en margir stjórnendur hjá sveitarfélaginu hafa orðið að taka á sig launalækkun. „Hjá Ísafjarðarbæ er margt mjög hæft starfsfólk.“

Stærstu framkvæmdir sveitarfélagsins á árinu voru við hjúkrunarheimilið, við gerð snjóflóðavarnargarða og á höfninni. Daníel



segir það mjög jákvætt að náðst hafi samkomulag við Olíudreifingu um flutning olíubirgðastöðvar, en við næstu áramót er möguleiki á því að allir olíutankar verði farnir úr miðbænum og losni þá spennandi lóðir fyrir uppbyggingu. „En ég verð líka að segja að það hefur valdið mér vonbrigðum hversu erfið samskiptin hafa verið við velferðarráðuneytið við hönnun hjúkrunarheimilisins. Þar hefur allt verið stopp frá því í júní en vonandi tekjast framkvæmdir þar ekki frekar,“ segir

Daníel.

Markmið sveitarfélagsins fyrir næstu ár segir Daníel felast fyrst og fremst í góðum rekstri. „Það er náttúrulega bæjarstjórn sem setur stefnuna og mitt að fylgja henni eftir. En í mínum huga er mikilvægast fyrir bæjarbúa að Ísafjarðarbær sé vel rekinn. Ég skil vel að mörgum finnst leiðinlegt að ræða niðurskurð en í mínum huga er ekki hægt að sækja fram ef reksturinn er ekki í lagi. Þá verður þetta endalaus vörn.“



Daníel Jakobsson.

Mikið verður um framkvæmdir í Ísafjarðarbæ á næstu árum, og áfram verða framkvæmdir við hjúkrunarheimili, ofanflóðavarnir, flutning olíubirgðastöðva og fleiri stór verkefni. „Viðhaldsfé bæjarins er mun meira en árið á undan þannig að margar götur verða malbikaðar og útlit bæjarins vonandi bæt enn frekar. Einnig má nefna að framundan eru stór verkefni hjá einkaaðilum s.s. bygging nýrrar aðveitustöðvar og varaafstöðvar hjá Orkuubúinu,“ segir Daníel.



GÓÐUR VINUR

LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

Tryggðu þér vinanúmer hjá umboðsmanni þínum á Vestfjörðum eða í síma **560 4800** eða á **www.sibs.is**

Silja Jóhannsdóttir, Skálholti, Barðaströnd, sími **456 2080**, 451 Patreksfjörður.

Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími **456 1100**, 450 Patreksfjörður.

Sparisjóður Vestfirðinga, Strandgötu 38, sími **450 2500**, 460 Tálknafjörður.

Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, Sími **456 7510**, 415 Bolungarvík.

Íslandspóstur, Hafnarstræti 9-11, sími **456 5010**, 400 Ísafjörður.

Fyrsti útdráttur verður 17. janúar 2013
Miðaverð aðeins **1.200 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft

500 yfir
milljónir
í verðlaunapottinum 2013



Framkvæmdagleði í Bolungarvík

„Það sem mér er efst í huga er hversu virkan þátt starfsfólk sveitarfélagsins hefur tekið í að bæta reksturinn án þess að það bitni á þjónustunni. Forstöðumenn hafa lagt sig fram um að fylgja fjárhagsáætlun og starfsmenn sveitarfélagsins eru almennt mjög meðvitaðir um reksturinn,“ segir Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík, aðspurður um hvað hafi staðið upp úr á árinu 2012. Elías telur einnig að ágætlega hafi tekist að leysa ýmis verkefni sem skotið hafa upp kollinum á árinu.

„Þar má nefna sem dæmi dagvistun yngstu barnanna. Þar hafði sveitarfélagið forystu um að útbúa húsnæði fyrir dagmæður sem vinna saman að daggæslu. Annað verkefni sem rétt er að nefna er endurnýjun á leikskólalóðinni við Gláðheima, en þar voru öll leiktæki endurnýjuð ásamt fallvörnum,“ segir Elías, sem tekur þó fram að undirskriftin við velferðarráðuneytið um endurnýjun

hjúkrunarrýma í Bolungarvík sé eftirminnilegust.

Rekstur Bolungarvíkurkaupstaðar gekk vel á síðasta rekstrarári og var að sögn Elíasar í samræmi við áætlanir. „Gert er ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins verði hallalaus á árinu og að hlutfall heildarskulda verði komið niður fyrir 150% af rekstrartekjum ársins og þar með myndi sveitarfélagið uppfylla viðmið laga um fjárhagslega sjálfbærni,“ segir Elías.

Elías segir það markmið sveitarfélagsins að skila ásættanlegum hagnaði eða rekstrarafgangi eins og nauðsynlegt sé, til að Bolungarvíkurkaupstaður geti staðið við skuldbindingar sínar. „Áhersla er lögð á að snyrta ásýnd bæjarins m.a. með lagningu göngustíga um hafnarvæðið og endurnýjun á gangstéttum. Þá mun áfram verða lögð áhersla á að veita íbúum sveitarfélagsins góða þjónustu á sem flestum sviðum. Ekki má heldur gleyma því að Bolung-



Elías Jónatansson.

arvíkurhöfn stefnir alltaf að því að vera með sem besta aðstöðu og að veita viðskiptavinum sínum ávallt úrvalsþjónustu,“ segir Elías.

Í síðasta mánuði nefndi Elías í samtali við Bæjarins besta að til stæði að byggja í bænum á næsta ári. Lang stærsta framkvæmd

næsta árs í sveitarfélaginu felst í byggingu hjúkrunarheimilisins samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið. „Þá er reiknað með að bæta við vaðlaug eða fjölskyldu-potti í sundlaugargarðinum og ljúka við tengibyggingu á milli grunnskólans og sundlaugarinnar. Talsverðu fé verður varið í að snyrta umhverfið m.a. með endurnýjun gangstétta og fegrunar opinna svæða.“

Aðspurður um aðrar framkvæmdir í bænum nefnir Elías að hjá Bolungarvíkurhöfn verður sett niður ný flotbyggja, sem búið er að steypa og byggt verður geymsluport fyrir höfnina. „Þá verður áfram unnið að því að snyrta umhverfi hafnarinnar m.a. með lagningu göngustíga fyrir gesti og gangandi.“ Þrátt fyrir bætta fjárhag og góðan rekstur sveitarfélagsins er Elías uggandi yfir ástandinu í sjávarútveginum. „Þau verðmæti sem fara um höfnina hafa gríðarlega þýðingu fyrir rekstur bæjarfélagsins en

segja má að rekstur þess standi og falli með sjávarútvegi. Það hefur sýnt sig enn og aftur og ekki síst á undanförmum árum með síaukinni og stórefldri útgerð frá Bolungarvík.“

„Útgerðarmenn og sjómenn hafa greinilega trú á staðnum sem hefur sýnt sig í talsverðri endurnýjun í bátaflotanum. Með hliðsjón af góðri rekstrarafkomu hafnarinnar var því tekin ákvörðun um lækkan aflagjaldsins í 1,5% af aflaverðmæti fyrir næsta ár. Stærsta áhyggjuefnið varðandi rekstur sveitarfélagsins er þó í raun síaukin skattlagning hins opinbera á sjávarútveginn. Þeir fjármunir sem fluttir eru til ríkisins með skattlagningunni geta ekki á sama tíma nýst í áframhaldandi uppbyggingu greinarinnar á staðnum eins og menn eru að verða áþreifanlega varir við þessa daganna,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

– gudmundur@bb.is

Nýtt ár og nýjar vonir

Árið 2013 er gengið í garð og þá er spurt hvað færir það okkur? Svárið við þessari spurningu reynist engan veginn auðvelt. Álíka hefur verið spurt um hver áramót og undir liggur spennan og forvitni. Það skýrir vinsældir alls kyns spádóma um komandi ár um hver áramót. Völvur bjarga engu, hvorki þjóðinni né einstökum mönnum, konum eða körlum. En nánar að því síðar. Árið 2012 kvaddi okkur Vestfirðinga með óveðri, snjóflóðahættu, rafmangleysi og skorti á samgöngum. Sé litið aftur um 18 ár til snjóflóðaársins skelfilega 1995 þegar Súðavík og Flateyri færðu mannfórnir, töpuðu alls 34 lífum, verður það sem gekk yfir síðustu daga liðins árs léttvægt í samanburði. Viðvaranir eru kerfisbundar líkt og þá var, en mun ítarlegari og spár nákvæmari. Fyrst og fremst hjálpar til að almenningur er meðvitaður um það hve brýnt er að fara eftir þeim. Því má heldur ekki gleyma að milljörðum króna hefur verið verið til að byggja mannvirki og flytja byggð, bæði í Súðavík, Hnífsdal og Bolungarvík. Allt hjálpar það til að koma í veg fyrir manntjón. Engu að síður er erfitt að takast á við náttúruhamfarir og slíkt tekur á íbúa.

Sé litið yfir farin veg ber hæst mikla baráttu við að halda íbúafjölda stöðugum. Meðan hún stendur eru vonir um að íbúum fjölgi fremur daufar. Mannlíf hefur verið í heildina tekið gott á Vestfirð-

um og væri vafalaust betra kæmu ekki til afskipti stjórnmalamanna af því hvernig atvinna er rekin og álögur á hana í formi nýrra skatta. Auðlindagjaldið á eftir að reynast dýrt Vestfirðingum bæði fjárhagslega og einnig mannlega þegar íbúum fækkar enn frekar. Engum blandast um það hugur að skattheimta er gríðarlega stór þáttur í ríkisrekstri, en um of hefur verið einblínt á hana sem lausn. Á meðan hafa tækifæri til þess að nýta aðrar og orkuskapandi auðlindir legið í láginni. Virkjun í Ófeigsfirði væri stórt framfaraskref fyrir Vestfirðinga og landsmenn alla. En síðustu fjögur ár hefur það verið „trúaratriði“ ríkisstjórnar og meirihluta Alþingis að banna virkjanaf framkvæmdir. Smám saman töpum við Íslendingar starfhæfu fólki úr framkvæmdageiranum til útlanda líkt og Vestfirðingar tapa því til annarra landshluta eða útlanda.

Það kann að vera skemmtiefni að fá hina og þessa „sjáendur“ til þess að útbúa fyrirsögn um það sem gerast kann á nýbyrjuðu ári. Reyndar getur slíkt verið saklaus skemmtun. Það sem Vestfirðingar þarfnast eru forystumenn sem bera hag íbúanna fyrir brjósti og láta ekki undan því sem þykir hæfa við allt aðrar aðstæður og fólki sem þekkir Ísland út um glugga kaffihúsa á Íslandi og erlendis. Við þurfum samstöðu og umræðu um það sem skiptir máli, annað getur bedið. Þá er von.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Skemmtiferðaskipið Costa Pacifica við minni Skutulsfjarðar í sumar. Áætlað er að skipið sæki Skutulsfjörðinn aftur heim næsta sumar.

Yfir 40 þúsund farþegar væntanlegir til Ísafjarðar næsta sumar

Átræð

Fríða Ólafsdóttir, Stakkanesi 4 á Ísafirði, verður átræð á morgun, 11. janúar. Fríða afþakkar afmælisgjafir. Hún er stödd í snjóhúsi - enginn vegvísir.

„Fyrst og fremst er þetta gríðarlega mikil fjölgun farþega en einnig eru fleiri stór skip að koma,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarhafna. Ísafjarðarbær hefur nú gefið út lista yfir þau skemmtiferðarskip sem munu leggja leið sína til Ísafjarðar næsta sumar, en skipunum fjölga um sex og fara úr 32 í 38. Að sögn hafnar-

stjóra mun þetta skila sér í auknum tekjum fyrir Ísafjarðarbæ.

Helsta breytingin frá síðasta ári tvíþætt. Talið er að yfir 40 þúsund farþegar muni stíga á land næsta sumar á Ísafirði, en þeir voru rúmlega 30 þúsund síðasta sumar. Einnig eru skipin stærri og þyngri, sem felur í sér auknar tekjur af hafnargjöldum. Samningar náðust einnig við eitt stær-

sta skipafyrirtæki í Evrópu, Aida Crusies, en skipafélagið á þrjú skemmtiferðaskip sem koma til Ísafjarðar í sumar.

„Tekjurnar munu aukast verulega. Tekjur hafnarinnar markast helst af stærð skipanna og skipafélögin eru rúkuð eftir stærð þeirra. Á milli ára, 2012 og 2013 förum við rúmlega milljón tonn-um í heildarstærð skipa yfir í

eina milljón og 400 þúsund tonn,“ segir Guðmundur.

Tekjur hafnarsjóðs af skemmtiferðaskipum af síðasta sumri námu 32 milljónum króna, sem gerir um eina milljón króna á hvert skip. Guðmundur telur þó að tekjurnar nái yfir 40 milljónir á næsta ári, þar sem skipin eru stærri.

– gudmundur@bb.is

20% afsláttur af allri vöru fram á laugardaginn 12. janúar

Útsalan, 40 - 60 % afsláttur af völdum vörum byrjar mánudaginn 14. janúar

Gledilegt ár

Jón og Gunna verslun

Austurvegur 2
400 Ísafjörður
Sími: 456 3464

jonoggunnaverslun@simnet.is

Við erum á líka á [facebook](#)

Þeir eru ekki margir Ísfirðingarnir sem kannast ekki við Finn Magnússon, eða Finn í Bóklöðunni, eins og hann er gjarnan kallaður. Finnur er án efa einn reyndasti verslunarmaður landsins en hann hefur starfað við verslun og þjónustu frá árinu 1962. Finnur hefur starfað í bókabúðinni á Ísafirði, sem nú heitir Penninn-Eymundsson og hét áður Bókaverslun Jónasar Tómassonar, frá árinu 1995. Hann lætur nú af störfum og snýr sér að öðrum verkefnum þrátt fyrir að vera einungis 64 ára gamall. Finnur settist niður með blaðamanni Bæjarins besta og ræddu þeir um lífs- og starfsferil Finns, golfið og Tæland.

Finnur er fæddur á Ísafirði árið 1948 og er sannkallaður Eyrarpúki. „Ég er fæddur í húsi sem ekki stendur lengur en þar er gamla Norður-tangahúsið nú. Þaðan fluttu foreldrar mínir í hús í Skipagötu og þaðan í Hafnarstræti þar sem nú stendur Stjórnsýsluhúsið. Einnig bjó ég í Aðalstræti 24, við hliðina á grunnskólanum, og það hús brann,“ segir Finnur og skellir upp úr við þá tilhugsun að öll hús bernskuáranna séu horfin. „Það eru í raun engin merki um að ég hafi búið hérna sem barn,“ segir Finnur, en nú býr hann Sundstræti.

„Mér líður best á Eyrinni enda hef ég aldrei verið skíðamaður. Þegar maður ólst upp þá fóru bara efríbæjarpúkar á skíði enda stutt fyrir þá að fara á skíði upp í Stóruð,“ segir Finnur, en þar lá bæjarbrekkan. Finnur hóf feril sinn sem verslunarmaður á Ísafirði árið 1962.

Finnur hefur unnið í bókabúðinni frá árinu 1995 en hann hefur verslunarmaður síðan árið 1962. „Ég hóf þá feril minn sem verslunarmaður í Björnsbúð á Ísafirði. Í vor sem leið átti ég 50 ára afmæli sem verslunarmaður,“ segir Jónas, en hann var einungis 14 ára gamall þegar hann byrjaði að vinna. Að loknu grunnskólaprófi hóf hann að vinna fullt starf sem verslunarmaður í verslun Jóns Ö. Bárðarsonar.

Eftir það lá leiðin til Keflavík-



Lætur af störfum eftir hálfa öld sem verslun- armaður

ur þar sem Finnur starfaði í Kaupfélagi Suðurnesja. Árið 1973 flutti hann til Reykjavíkur og hóf störf í Hagabúðinni á Hjarðarhaga. Tveimur árum síðar stofnaði hann sína eigin kjörbúð. „Hún hét Finnsbúð og var á horninu á Bergstaðastæti og Baldursgötu. Þá búð rak ég til ársins 1981 en seldi hana og keypti húsgagnaverslunina Hreiðrið í Kópavogi og fór að selja húsgögn,“ segir Finnur og hefur greinilega marga fjöruna sopið í sínum verslunarekstri.

„Þetta var vissulega nýtt fyrir mér og mikil breyting,

en ég rak þessa verslun frá 1981 til 1990,“ segir Finnur, sem þá vatt kvæði sínu í kross einu sinni enn og keypti billjardsstofu í Faxafeni sem hann rak til ársins 1993. „Á þessum árum var mikill uppgangur í bæði billjard og snóker og sat ég m.a. í stjórn Billjard- og Snókersambands Íslands á þessum árum. Við fengum til okkar marga þekktu erlenda spilara og þetta var skemmtilegt,“ segir Finnur.

Finnur hafði þó ekki lokið afskiptum sínum af verslunarekstri því árið 1993 réðist hann sem útibússtjóri Kaupfé-

lags Stöðfirðinga á Breiðdalsvík, og starfaði þar til ársins 1995, eða þar til hann fluttist aftur til Ísafjarðar. „Þetta var ágætur tími á Breiðdalsvík en mikil vinna. Þetta var á þeim tíma sem við vorum að innleiða tölvurnar í búðarreksturinn og þurfti að huga að mörgu,“ segir Finnur. Hann flutti þó aftur til Ísafjarðar frá Breiðdalsvík með það í huga að staldra einungis stutt við.

„Ég ætlaði aldrei að vera lengi. Faðir minn var orðinn háaldraður og var það fyrst og fremst ástæðan fyrir því

að ég vildi koma heim. Einnig var atvinnuástandið í Reykjavík ekki gott og ég taldi meiri möguleika á því að fá vinnu hér þótt það væri bara til skamms tíma. Ég frétti svo af því að Jónas væri að leita að starfskrafti og sló til.“

Árin urðu þó sautján talsins í bókabúðinni og segist Finnur alltaf hafa haft nóg að gera. „Upphaflega var ég í ljósmyndavörudeildinni og tók á móti filmum. Yfir sumarfimann tókum við stundum á móti yfir 100 filmum á dag sem er meira en framköllunarþjónustur gera á ársgrund-



Guðrún Svava Guðmundsdóttir, verslunarstjóri Pennans Eymundsson færir Finni gjöf við starfslokin.

velli núna," segir Finnur. En framköllunarþjónustan hætti í bókabúðinni árið 2005. „Til margra ára var þetta eina framköllunarþjónustan á Vestfjörðum og við fengum mikið sent til okkar frá sunnanverðum Vestfjörðum. Eftir að framköllunin hætti fór ég í rítföngin og hef verið þar síðan. Þar til nú.“

Segja má að Finnur hafi ekki kynnst sínu aðal áhugamáli fyrr en hann fluttist aftur til Ísafjarðar árið 1995. „Þá kynntist ég golfinu en það er númer eitt, tvö og þrjú hjá mér í dag," segir Finnur, en hann spilaði einnig Bridds af miklum krafti áður fyrr. „Það er erfitt að finna einhverja til að spila við nú til dags. Ungt fólk fæst ekki lengur til að sitja við spilaborð.“

Finnur fór á golfnámskeið árið 1996 og eftir það varð ekki aftur snúið. „Upp frá því hef ég nánast flutt lögheimili mitt upp í Tungudal á vorin.“ Finnur segir að mikil gróska hafi verið í golfinu frá því að hann byrjaði en hann hefur einnig setið í stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar í fjöldamörg ár.

Undanfarin ár hefur Finnur farið í golfferðir til Tælands og fer hann í vikunni í sjöttu ferð sína í röð til landsins. „Ég verð þar í tvo mánuði að spila golf og hafa það gott.



Finnur ásamt núverandi starfsfólki Pennans Eymundsson og nokkrum eldri starfsmönnum.

Ég gaf sjálfum mér þetta í sextugsafmælisgjöf árið 2008 og hef verið algerlega heillaður af landinu síðan þá. Þetta er algjör draumaveröld fyrir kylfinga," segir Finnur en

22 golfvöllir eru í kringum það svæði sem hann sækir einna mest, Pattaya-ströndina.

Þrátt fyrir að hafa kosið að hætta að vinna snemma segist Finnur það næsta víst

að hann muni sakna starfsins í bóklöðunni. „Maður fékk smá hnút í magann þegar maður sagði upp, en ég er að verða sáttari og sáttari við þessa ákvörðun," segir

Finnur. Hann segist alltaf hafa notið þess að starfa undir stjórn Jónasar Tómassonar og eins eftir að verzlunin var keypt af Pennanum-Eymundsson.

20% afsláttur

af ÖLLUM vörum

Fimmtudag til laugardags

(10. - 12. janúar)

ÚTSALA - ÚTSALA

Útsalan byrjar

mánudaginn 14. janúar

30-60% afsláttur

**Verið
velkomin**

Hafnarbúðin

456-3245

Opið

virka daga 9-18

laugardaga 11-14

**Komið og
gerið góð kaup**



Hvað er að gerast?

Föstudagur 11. janúar

24:00: Edinborg Bistro: DJ heldur uppi stuði fram eftir nóttu.
24:00: Húsið: Magnús Trausta spilar til kl. 03:00.

Laugardagur 12. janúar

24:00: Húsið: Gummi Hjaltá og Eggert Nielson skemmta.
24:00: Edinborg Bistro: DJ heldur uppi stuði fram eftir nóttu.

Þeir sem hyggjast nýta sér atburðardagatalið hér að ofan er bent á að senda inn tilkynningar á bb@bb.is fyrir hádegi á mánudegi í þeirri viku sem blaðið fer í dreifingu.



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUS STÖRF Á FJÖLSKYLDUSVIÐI

Lausar eru til umsóknar tvær stöður forstöðumanna á fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar:

· 85% stöðugildi forstöðumanns yfir skammtíamavistun og búsetu, lengdri viðveru og sumarþjónustu. Gert er ráð fyrir að viðkomandi gangi vaktir í dagvinnu sem nemur 15% stöðugildi. Heildarstöðuhlutfall nemur því 100% stöðugildi.

· 80% stöðugildi forstöðumanns yfir búsetu. Gert er ráð fyrir að viðkomandi gangi vaktir í dagvinnu sem nemur 20% stöðugildi. Heildarstöðuhlutfall nemur því 100% stöðugildi.


Sjá nánar á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.



Vélstjóri

2. vélstjóra vantar á frystitogara með 2.460 Kw. aðalvél, sem gerður er út frá Ísafirði.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 450 4620 á skrifstofutíma eða með tölvupósti á netfangið sverrirp@frosti.is.



Nafn:

Ágúst G. Atlason

Uppruni:

Fæddur í Danmörku og flutti til Ísafjarðar fyrir eins árs aldur. Uppalinn sem Ísafjarðarpúki og verð aldrei neitt annað.

Flickr-síða:

Ég er búinn að loka Flickr síðunni minni. Nú er ég á gusti.is með allar mínar myndir og blog á [facebook.com/gustiphoto](https://www.facebook.com/gustiphoto) graphy til að sýna brot úr minni ljósmyndun.



Afhverju ljósmyndun?

Ástríða, mikil ástríða. Ekki spillir að búa í sælgætiskrús, sem Vestfirðirnir eru fyrir ljósmyndarann. Skemmtilegt fag sem gaman var að stunda á tímum filmunnar og það hefur auðveldast til muna á digítalöldinni. Sakna samt oft myrkrakompustundanna. Ég hreinlega elska alla ljósmyndun, þó ég sé lítið fyrir að mynda suma anga hennar sjálfur, hún á öll rétt á sér og eru engir hlutar hennar æðri en aðrir í mínum huga. Ljósmyndun á ég eftir að stunda þangað til ég dey.

Fyrsta græjan?

Það var nú bara Kodak Eastman, Ektralite 500 sem hann Guðmundur Sveinsson afi minn gaf mér í kringum 1980, en hann var mikill áhugamaður um ljósmyndun. Filmurnar voru svona eins og einhverskonar kasettur. Tók fullt af myndum á þessa vél. :)

Skemmtilegasta Kodak mómentið?

Það er erfitt að segja þegar maður starfar í geiranum, endalaus skemmtileg móment. Ætli Grænlandsferðin með Borea Adventures standi ekki upp úr sem eitt risastórt Kodak móment. Eða hinar

fjöldamörgu myndatökur af dóttur minni henni Sögu Líf, sem kemur mér sífellt á óvart, því myndavélin elskar hana, haha Kodak móment!

Hvað er í dótakassanum?

Canon EOS 5D Mark II, 70-200mm f4, 24-70mm f2.8, 35mm f1.4, 17-40mm f4 ásamt ýmsum fylgihlutum ljósmyndunnar.

Á hvern skorar þú?

Ég ætla að skora á hana Jóhönnu Jörgensen Steinsdóttur á Þingeyri, ung og upprennandi stelpa sem hélt sína fyrstu ljósmyndasýningu í sumar.



Sælkeri vikunnar er Halldór Hermansson á Ísafirði

Kæst skata að hætti Dóra Hermanns

Frá náttúrunnar hendi er ein tegund skötuættar að mestu allsráðandi úti fyrir Vestfjörðum. Það er gaddaskatan. Hefur hún einnig verið nefnd tindabikkja og lóðskata. Skatan er þeim eiginleikum gædd að verka sig sjálf þegar á land er komið. Hún kæstist og skemmist því ekki. Þetta verð mönnum sértstakt hnossgæti, sem kitlaði bragðlaukana eins og vel kryddaður matur og þurfti jafnvel ekki að salta í pottinn við suðu. Faðir minn verkaði og kæsti skötuna með því að setja hana í kassa eða strigapoka og lét liggja í kös í 2 ½ mánuð. Síðan var hún rifin og sett beint í pottinn. Nú á seinni árum þegar öllum fór að liggja svo mikið á, tóku menn upp á því að hraða verkun skötunnar. Setja þeir hana margir í venjulegan húshita og láta kæstast í einn mánuð eða minna. Þykir hún ekkert

verri fyrir það. Síðan er gaddaröðið rífið af.

Eldun

Hitið vatn í góðum potti allt að suðu. Skolið af skötubörðunum. Setjið skötuna í pottinn. Saltið örflítið, rétt til að taka mesta blámann úr vatninu. Fylgist vel með suðunni. Látið sjóða í 2-3 mínútur eftir að suða kemur upp. Eigi ekki að hreinsa skötuna í stöppu, heldur færa hana í heilum börðum á fat, nægir hámark 2 mínútur í suðu. Í 4 kg. Af ósoðinni skötu má hafa 400 gr. Af hnoðmör, einkanlega og sér í lagi eigi hún að borðast í kaldri stöppu. Þeir sem vilja hafa mör í minna lagi geta þá farið í 300 gr., en þá verður hún ekki eins stíf köld. Mörinn er skorinn smátt og

bræddur við vægan hita. Nauðsynlegt er að láta ca. tæpan ½ kaffibolla af vatni út í pottinn svo flotíð brúnist ekki. Örugast er að setja mörpottinn ofan í annan pott með sjóðandi vatni og bræða þannig. Brúnaður mör eða tólg er óþverri sem enginn á að leggja sér til munns viljandi. Skatan er færð upp úr potti á föt og síðan hreinsuð af brjóskinu. Gott er að hjónin séu við þetta eða jafnvel fleiri. Á meðan eru matardiskar látnir vera í bökunarfni til hitunar. Þegar hreinsun er lokið og mör bráðnaður er öllu hellt í stóran pott bæði mör og skötu og hrært og stappað vel saman. Heitu diskarnir eru settir á borð ásamt íslensku smjöri og nýju seyddu rúgbrauði og ekki gleyma nýmjólkinni að drekka með. Á meðan er annað veifið hrært í skötustöppunni í pott-



inum til að gæta að mörinn í henni brúnist ekki og hún haldist vel heit. Þá er hún færð upp á fat sem hitað hefur verið í ofninum og sett á borð. Gjöríð svo vel. Það skal tekið fram að ekki er nauðsynlegt né æskilegt að veita vín af neinu tagi við borðhaldið. Áhrifin af réttinum nægir til að lyfta andanum upp. Í eftirrétt getur svo húsbóndinn eða húsfreyjan eldað tvíböku-

mjólk með sykri til þess að hreinsa flotbragðið úr munninum. Tilvalið er einnig ef til er krækiberjasaft að búa til saft-súpu og er hún etin með góðum tvíbökum útá. Þegar heitri skötunni hafa verið gerð góð skil er afgangurinn tekinn og settur í skál og látinn í búr með leirdisk yfir, eða á annan svalan stað. Ég skora á Hjalta Karlsson að koma með uppskrift að einhverjum kræsingum.



Dóra – Hönnuður
Anna Bína - klæðskeri

Saumanámskeið í Klæðakoti

1935
★ **Ísafjarðarbió** ★
Elsta samfelld starfandi bió á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbió skemmtun.is

METSÓSSÚRIÐAN SEM SLO I GEGN UM ALLAN HEIM AD KÖTTA...
LIFE OF PI
AUKASÝNING
3D FIMMTUDAG 10. JAN KL 8

SENNILEGA BESTA MYND ÁRSINS
Komdu í Bió
12
THE IMPOSSIBLE
ALGJÖRLEGA ÓMISSANDI MYND
FÖSTUDAG 11. JAN OG LAUGARDAG 12. JAN KL 8.

FYRSTI SPENNUHASAR ÁRSINS
12
TOM CRUISE
**PEGAR LÖGIN BREGDAST
KEMUR JACK REACHER**
SUNNUDAG 13. JAN OG MÁNUDAG 14. JAN KL 8.

AUKASÝNING
HOBBIT
3D SUNNUDAG 13. JAN KL 5

EVINTÝRI
SAMMA 2
AUKASÝNING
IN ÍSLENSKU TALI
ROSAPLOTT EVINTÝRI
F/ BÖRNIN Í 3D (PRÍVÍÐ)
SUNNUDAG 13. JAN KL 3.

Anna Jakobína Hinriksdóttir og Halldóra og Halldóra B. Norðdahl eigendur Klæðakots halda skemmtileg námskeið fyrir unga sem aldna.

Hvernig námskeið eruð þið að halda?

Við höldum námskeið yfirleitt í leggingsgerð, einfaldri peysu og kjólagarð. Þetta er það eina sem við höfum tekið fyrir hingað til, með frábærum mottökum. Við komum bara fjórum að í einu svo það er fámenn en góðmennt, alltaf rosalega skemmtilegt, myndast góð stemming hérna.

Hvert er markmið námskeiðanna

Markmið námskeiðanna er að efla sjálfstraust viðkomandi og sýna þeim að þetta er ekkert mál. Sýna þeim að það er gaman og auðvelt að sauma.

Úr hvernig efnum er verið að vinna?

Það er mikið saumað út úr jersey efni sem er teygjanlegt efni svo saumaskapurinn er mikið auðveldari, þá þarf enga rennilása og svona, það er voða mikið inn í dag. Ekkert vesen. Einnig notum við satin efni og chiffon.

Eruð þið með aðstöðuna í Klæðakoti?

Já, hér er góð aðstaða. Við erum með saumavélar,

bæði heimilsvélar og overlock vélar, sem eru vélar sem við leyfum þeim sem eiga svoleiðis að nota hér. Því við viljum ekki að fólk læri á vél hér og komi svo heim til sín og geti ekki gert það sama og það lærði hér. Anna Bína er einnig með verkstæði hér, hún sér um viðgerðir og breytingar á fötum, ásamt nýsaum og saum á gluggatjöldum. Hún sér einnig um að sauma þjóbúninga.

En hvernig er það ef fólk vill læra betur á sína saumavél?

Við bjóðum fólki líka að koma með sína vél. Við höfum líka verið að gera við vélar sem fólk hefur haldið að væru bilaðar. Dóra er allveg sérfræðingur í því að laga þær. Það eru allir að kvarta yfir því að vélarnar séu bilaðar, svo tekur fimm mínútur að laga þær.

Hvað kostar svo að sauma sér flík, tekur það langan tíma?

Það kostar sirka þrjú- til sex þúsund í einfalda flík. Leggings tekur ekki nema sirka hálfan til einn tíma fyrir þá sem eru vanir. Peysan kannski tvo tíma og kjóllinn þrjá til fjóra tíma.

Hvernig ber fólk sig að ef það vill koma á námskeið?

Við erum með gjafabréf á námskeið sem er sniðugt í



jólapakkan. Einnig erum við með skráningarkerfi fyrir námskeiðið inni á heimasíðunni www.klaedakot.weekly.com.



Heima að heiman

Hrafnhildur Skúla-dóttir er Dýrfirðingur í húð og hár. Hún er búsett í miðbæ Reykjavíkur en sækir heimahagana við hvert tækifæri. Hún starfar við Upplýsingamiðstöðina á Þingeyri á sumrin.



Mín skíðabrekka- Bláfjöll:

Til að fá útrás fyrir skíðabörfinna sem hefur fylgt mér alla tíð. Tók við af Hrafnseyrarheiðinni, Gemlufallsheiðinni, Seljarlandsdal og svo Tungudal.



Mín Koltra – Skólavörðustígurinn:

Þegar ég vil fá hönnunar og handverksfílninginn, þar er Koltran mín. Hef góða trú á að Hrímm, nýja hönnunarhúsið á Laugaveginum muni leika stórt hlutverk í þeim efnum í framtíðinni.



Mitt Félagsheimili – Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Hallgrímskirkja, Harpa:

Þar sem Jóhanna Rannveig, dóttir mín, spilaði með 350 öðrum strengjanemum fyrir stuttu og Harpa, tónlistarskólinn hennar, sameina svo og fullnægja þeirri þörf sem áður var fullnægt í félagsheimilinu á Þingeyri.

Þjónustuauglýsingar

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9

Opíð
10-18
alla
virka
daga

Hárkompaní
sími 456 6363

HÚSAMÍÐI EHF.

Öll almenn húsasmíði

Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HELIX

Söluáili:
Prymur hf. Vélsmíðja
Suðurgötu 9 - Ísafirði

Hreint umhverfi

Þjóðum vandað úrval Svansmerktra hreinlætisvara, hreinlætispappírs og hreinsiefna.

olis **BOLUNGARVÍK**
Sími 456 7990 | bolungarvik@olis.is

BÆTT UMHVERFI
BETRI FRAMTÍÐ

Gámapjónusta
Vestfjarða ehf



Boltinn í beinni...

Laugardagur 12. janúar

kl. 14:45 Stoke – Chelsea
 kl. 14:53 Everton – Swansea
 kl. 14:53 Sunderland – West Ham
 kl. 14:53 Norwich – Newcastle
 kl. 14:53 Fulham – Wigan

Sunnudagur 13. janúar

kl. 13:15 Man.Utd. – Liverpool
 kl. 15:45 Arsenal – Man. City

Mánudagur 14. janúar

kl. 17:50 QPR – Tottenham

HM í beinni...

Föstudagur 11. janúar

kl. 17:50 Spánn – Alsír

Laugardagur 12. janúar

kl. 14:35 Serbía – S-Kórea
 kl. 16:55 Ísland – Rússland
 kl. 19:35 Frakkland – Túnis

Sunnudagur 13. janúar

kl. 14:40 Chile – Ísland
 kl. 16:50 Katar – Makedónína
 kl. 18:25 Svartfj.land – Frakkland
 kl. 19:05 Rússland – Danmörk

Mánudagur 14. janúar

kl. 16:55 Hv. Rússland – Serbía
 kl. 17:50 Egyptaland – Spánn

Þriðjudagur 15. janúar

kl. 16:55 Makedónína – Ísland
 kl. 19:05 Slóvenía – Pólland
 kl. 20:10 Króatía – Ungverjaland

Miðvikudagur 16. janúar

kl. 14:50 Makedónía – Rússland
 kl. 17:20 Þýskaland – Svartfj.land
 kl. 19:40 Ísland – Danmörk

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hæg breytileg átt. Dálitlar skúrir eða el norðaustan og Austanlands og allra vestast á landinu, en bjart með köflum annars staðar. Víða frostlaust við sjóinn, en frost 1-6 stig inn til landsins.

Horfur á laugardag:

Suðvestan 5-10 m/s með dálitlum éljum, en bjartviðri á norður- og Austurlandi. Hiti um frostmark, en vægt frost í innsveitum fyrir norðan.

Horfur á sunnudag:

Vestlæg eða breytileg átt og él í flestum landshlutum. Frost víða 0-5 stig.

Krossgátan

				1	2	3	4	5	6	7	8
				→	↘	Dans	Marr Rými	✓	Vætu Her	↙	Svart-sýni
									Samst.		Greiða
				Ótta Mjóður						>	
Flaska											
Arfgró											
Jón Steingr.	↓	Gömul mynt	Frami Deila			3 ✓	Baul Spil				
😊	↘					✓					
	Att										
Ýlfra Langamma					7		>				
↘	5			Átt Hellti	Sérhlj. R.vík	Kvað Plága			Tómir Eyðir		
Þrjóskur	Flik Digra				6		2				
Samtök	Afundinn					>					
↘			Gréri Eðli		Meiðsli Dyr				Sérhlj. Garður		
Skýla						Tönn Gefa á Flugu	Stafur Tala				
Sérhlj.		Samhlj. Afi ↑		Fóstur Maður				8			
Truflla Þvaður								Sögn Steintegund			
Drepi						Hinkur Samhlj.			✓		
Einn		Elskar Hring Kantur							Upphr. Kvað		
Ærinn		1				Bresta	✓		4		
Svarir						Átt					
↘											

Geirnaglinn ehf

Trésmiðaverkstæði
 Strandgötu 7b
 400 Ísafirði
 Sími: Þórhallur 848 2087
 Sími: Magnús 862 3122

HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðring sjávarauðlinda



Kaldur og hrakinn fálki á Flateyri

„Við sáum fugl út um gluggann og héldum að þetta væri ugla, svo fórum við út og þá var þetta fálki. Við tókum hann inn því honum var svo kalt, hann var eiginlega hættur að geta hreyft sig,“ segir Steinunn Einarsdóttir íbúi á Flateyri, sem á dögnum fann fálka á Flateyri, nær dauða en lífi. Fálkinn hafði orðið illa úti í óveðrinu sem geisaði á norðanverðum Vestfjörðum og átti sér einskis ills von. BB sjónvarp hittir Steinunni og fálkann á Flateyri á dögnum, áður en honum var sleppt að nýju.

„Maður lætur ekki háldauðan fugl fyrir framan nefið á manni drepast,“ segir Steinunn, áður fálkinn flaug á ný út í frelsið.

Myndbandið má sjá á bb.is.



Fálkinn sem bjargað var.

Lausn á síðustu krossgátu



	F	É	L	A	G	A	R				
Jón Steingr.					Æ	Þ					
⇒	S	P	A	R	A		↘				
	O		Þ	U	R	S					
	↓				Í	S	T	E	F	É	
G	A	M	B	U	R		A	N	G	U	R
	S	Á	L	G	A	R	M	A	U	R	↓
	K	↓	Á	L	K	A	N		T	A	L
R	A	B	B	A		S	I	G	L	U	E
		J	E	N	S		N	Á		Ð	I
Ó	R	Ó	R		U	N	G	L	I	N	G
	Ó	Ð		Ó	M	A		A	L		U
	A	A	A	A		F	E	N		Á	B
		↘	F	R	Ú	N	N	I	↘	R	Í
G	N	Ó	T	T		B	S		F	Ó	L
	O	T	A		S	Ó	K	N	A	R	
S	T	Ó	R	L	Á	T	A		R	A	K

Sudoku þrautir

6	4				5			
7	5					2	4	
			2					
	3	8		9	2			
		6	5		1	3		
			6	4		9	2	
					6			
	6	1					9	2
			8				1	3

	8		5	2				1
	6				1			
	7		3					2
					7		4	3
7			4	5	2			8
9	4		6					
6					4		5	
			1				2	
1				7	6		3	

+ andaðu léttar

Reykingamenn sem ætla að leggja öskubakkann á hilluna eiga bandamann í Lyfju

Við viljum leggja okkar af mörkum til að hjálpa þeim sem ætla að losa sig við reykinn. Við gefum 20% afslátt af Nicorette Quickmist munnholsúða, nýju nikótínlyfjaformi frá Nicorette sem auðveldar reykingamönnum að hætta að reykja.

Aðstoð við þá sem vilja hætta

Í Lyfju Lág múla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja. Þú getur fengið heilsufarsmælingar, t.d. á blóðþrýstingi og blóðfitu.

Við erum þér innan handar þegar þú tekur upp heilsusamlegan lífsstíl.

Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklaus.is

+ Lyfja býður öll lyfjaform Nicorette.



Tilboðið gildir til 31. janúar 2013.

20% afsláttur af Nicorette QuickMist munnholsúða



Nicorette® QuickMist munnholsúði er nýjasta nikótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum.



Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfinni, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykning er hætt. Hætta skal reykningu alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klist., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélinðabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboði á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.